



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÍSLENSKU SAFNAVERÐLAUNIN

AFHENDING Á BESSASTÖÐUM Í DAG

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson mun í dag, þriðjudaginn 5. júní, afhenda Íslensku safnaverðlaunin við hátíðlega athöfn sem hefst á Bessastöðum kl. 16:00.

Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) og Félag íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) standa saman að Íslensku safnaverðlaununum, sem veitt eru annað hvert ár, safni sem með starfsemi sinni þykir skara fram úr. Dómnefnd velur þrjú söfn úr innsendum tilnefningum sem auglýst er eftir frá almenningi, félagasamtökum og fagaðilum. Dómnefndin er skipuð fulltrúum félaganna tveggja og fulltrúa frá því safni sem síðast hlaut verðlaunin.

Í ár eru Grasagarðurinn í Reykjavík, Listasafn Árnesinga og Varðveisl- og rannsóknasetur Þjóðminjasafns Íslands tilnefnd til verðlaunanna.

Fjölmiðlum er boðið að senda fulltrúa sína á athöfnina á Bessastöðum.

5. júní 2018

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Sigurður Trausti Traustason (820 1203), stjórnarmaður Íslandsdeildar ICOM.